



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Frá fundi skipulags- og samgönguráðs 4. maí 2022: Tilvísun í mál nr. US220101

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um brú yfir Bústaðaveg/Kringlumýrarbraut Mál nr. US220101

Aðdragandinn er sá að gerðar voru breytingar á aksturs-, hjóla og gönguleiðum við Kringlumýrarbraut/ Bústaðaveg m.a. er verið að lengja rampa, gera göngustíga, hjólastíga við hlið akreinar. Verkinu átti að ljúka 1. október 2021. Áætlaður verktakakostnaður var 91.000.000.

Vakin hafði verið athygli fulltrúa Flokks fólksins á þessum tíma að þarna stefndi í þrengsli, að jafnvel að óeðlilega þröngt verði milli bíla og hjóla og lagði fulltrúi Flokks fólksins fram fyrirspurn um málið í fyrra. Nú er svo komið að búið er að viðurkenna að þarna hafi verið gerð mistök. Spurt er um hvað kostuðu þessi mistök og á hvers ábyrgð eru þessi mistök?

Svar við fyrirspurn

Framkvæmdin sem um ræðir var hluti af samgöngusáttmálanum og boðin út af Vegagerðinni. Tilboð lögstjóðanda var 85.516.000 kr.

<https://www.vegagerdin.is/framkvaemdir/utbod/nidurstodur-utboda/bustadavegur-418-breytingar-a-aksturs-hjola-og-gonguleidum-vid-kringlumyrarbraut-1>

Vegagerðinni stýrði og hélt utan um framkvæmdina.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmdir og viðhald